

# Valdeflum náttúru, loftslag og framtíðina núna!

Yfirlýsing Power to the Petlands ráðstefnunnar sem fram fór  
19.-21. september 2023 í Antwerpen, Belgíu.



Antwerpen 21. september 2023.

Mýrar geta stuðlað að lausn ýmissa þeirra margþættu áskoranna sem mannfólkið stendur frammi fyrir, nú og til framtíðar. Þær innihalda gríðarlega stóran kolefnisforða sem er viðkvæmur fyrir röskun. Þær geyma og miðla vatni, hýsa einstök vistkerfi og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Jafnframt eru þær hluti af félagslegum og menningarlegum verðmætum okkar. Mikilvægt er að mýrar séu blautar til þess að þær veiti tilætlaða viskerfisþjónustu.

Framræstar mýrar valda stórtækum umhverfislegum og fjárhagslegum skaða með því að losa gróðurhúsalofttegundir, sem áður voru bundnar í jörðu. Á ársgrundvelli losa framræstar mýrar ríflega tvöfalt á við alla flugumferð á heimsvísu.

Við verðum að bregðast við! Landnotendur, landeigendur, kjörnir fulltrúar, frjáls félagasamtök, vísindamenn, frumkvöðlar og aðrir hagaðilar, þurfa að finna sameiginlegan grundvöll til samvinnu. Vernd og endurheimt votlendis er lykilatriði í því að ná settum markmiðum alþjóðasamfélagsins og Evrópusambandsins varðandi loftslagsmál, heilbrigði jarðvegs, vatn, líffræðilega fjölbreytni og sjálfbært lífsviðurværi mannfólks.

## **Það er neyðarástand! Við vitum hvað við eigum að gera og við verðum að bregðast við núna!**

### **1. Við þurfum að varðveita óraskaðar mýrar og jarðveg innan sem og utan Evrópu.**

- Stöðva samstundis frekari framræslu og röskun mýra.

### **2. Flýta þarf aðgerðum sem stuðla að endurheimt raskaðra mýra.**

- Bæta vatnsstöðu votlendis til að stöðva losun CO<sub>2</sub>, bæta vatnabúskap og vatnsgæði auk þess að stuðla að aukinni líffræðilegri fjölbreytni.

**3. Hröð umskipti þurfa að eiga sér stað í átt að sjálfbærum viðskiptaháttum og nýtingu mýra.**

- Samþætta umhverfisávinning, tekjuöflun í dreifbýli og framleiðslu gæða lífmassa.
- Draga úr landnotkun sem byggir á framræslu og koma á opinberu styrkjakerfi sem ýtir undir þær breytingar.
- Örva nýsköpun og frumkvöðlastarf bænda, landeigenda og tengdra atvinnugreina í þágu sjálfbærrar landnýtingar.
- Koma á aðlögun að endurheimtu votlendi (e. carbon farming), landbúnaði sem byggir á votlendi (e. paludiculture) og aðgerðum sem hækka vatnsstöðu í framræstu landi (e. rewetting) í landbúnaðarstefnu og opinberum styrkjakerfum.
- Stöðva alla vinnslu og nýtingu á mó.

**4. Gögn er varða votlendi þurfa bæði að vera í góðri upplausn og í opnum aðgangi. Þau geta einfaldað og hvatt aðgerðir sem snerta vernd, bættu vatnsstöðu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu.**

- Stuðningur við kortlagningu mýra, vöktun og rannsóknir til þess að bæta heilindi gagna varðandi ástand líffræðilegrar fjölbreytni, kolefnisstaðla og gagna sem nýtt eru í losunarbókhald.

**5. Staðreyna þarf miðlægt og mikilvægt hlutverk vatns með heildrænum hætti.**

- Meðhöndla mýrar sem óaðskiljanlegan hluta vatnasviða og þannig tryggja eðlilegt vatnafar með tilliti til landslagshátta.

**6. Setja þarf metnaðarfull endurheimtarmarkmið í náttúruverndarlög!**

- Að náttúruverndarlögin séu samhljóða öðrum yfirgripsmiklum alþjóðlegum og evrópskum markmiðum og skuldbindingum.

## **Máttur til mýranna!**

Stofnanir sem styðja yfirlýsinguna:



ADMIRE




Radboud Universiteit  
SINCE 1923



COMMONLAND  
4 Returns for Healthy Landscapes






 This project has received funding from the European Union's Horizon 2020 research and innovation programme under grant agreement No 101036484 (WaterLANDS). This output reflects the views of the authors and the European Commission is not responsible for any use that may be made of the information contained therein.